



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 24. maí 2024

Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um frumvarp til laga um listamannalaun

Þingskjal 1384 – 937. mál. 154. Löggjafarþing 2023-2024.

Rannís fagnar framkomnu frumvarpi um breytingar á lögum um listamannalaun, en Rannís hefur séð um umsýslu launasjóða listamanna frá árinu 2014 fyrir hönd menningarráðuneytis og stjórnar listamannalauna. Rannís er með tvær ábendingar við frumvarpið sem snúa að skilvirkni í umsýslu.

1. Áhersla á að mögulegt sé að tengja saman launasjóði og verkefnasjóði.

Í dag er úrhlutun úr launasjóði sviðslistafólks tengd Sviðslistasjóði þótt formleg sé um aðskildar úthlutanir að ræða. Atvinnusviðslistahópar geta sent „sérstaka“ umsókn sem nær til beggja sjóða. Einstaklingar geta líka sótt um í launasjóð sviðslistafólks en gera það með „almennri“ umsókn. Auðvelda myndi umsýslu og vera til hagsbóta fyrir sviðslistahópa ef hægt væri að sameina úthlutun Sviðslistasjóðs og launasjóðs sviðslistafólks (með kröfu um að úthlutunin úr launasjóði færi sannarlega í laun listamanna innan sviðslistahópsins).

Sambærileg tenging milli launasjóðs og verkefnasjóðs er ekki fyrir séð í öðrum listgreinum en lagt er til að slík tenging sé gerð möguleg og slík „opnun“ því sett inn í 3. gr. Ef ekki telst rétt að hafa opnunina „almenna“ væri hægt að hafa hana „sértæka“ með breytingu á 9 gr.

Tillaga A – Ný málsgrein í 3. gr. sem segði efnislega:

„Þrátt fyrir 4. gr. getur sérstök nefnd sem annast úthlutun, sbr. 2. gr., lagt til úthlutun mánaða til umsækjenda sem sækja um fyrir hönd hóps listamanna ef umsóknir í launasjóð eru tengdar umsókn í verkefnasjóð (ein og sama umsóknin). Slíkar úthlutanir krefjast samþykkis stjórnar listamannalauna.“

Tillaga B ef tillaga A þykir ekki ákjósanleg – Ný málsgrein í 9. gr. sem segði efnislega:

„Þrátt fyrir 4. gr. getur úthlutunarnefnd launasjóðs sviðslistafólks lagt til úthlutun mánaða til umsækjenda sem sækja um fyrir hönd atvinnusviðslistahópa ef umsóknir í launasjóð eru tengdar umsókn í Sviðslistasjóð (ein og sama umsóknin). Slíkar úthlutanir krefjast samþykkis stjórnar listamannalauna.“


2. Úthlutun úr Vexti og Vegsemd sé miðuð við skilgreint lögbundið lágmark.

Það verðlag að úthlutunarnefndir leggi til hvaða umsækjendur geti fengið úthlutun úr Vexti og Vegsemd og að stjórn listamannalauna þurfi að endurmeta þær umsóknir er flókið, óhagkvæmt og býður upp á að ágreiningur geti skapast varðandi skiptingu mánaða á milli listgreina.

Síðustu ár hefur áhersla stjórnar listamannalauna verið að nýliðun sé minnst 5% innan hvers launasjóðs og það hefur náðst. Samkvæmt frumvarpi væru 60 mánuðir til úthlutunar í Vexti árið 2025 en það eru 3,4% af heildinni (1780 mánuðum).

Rannís leggur til að litið verði á lögbundna úthlutun í Vöxt og Vegsemd sem lágmark og að stjórn listamannalauna fái heimild til að samþykkja hærri úthlutun sé það tillaga úthlutunarnefnda. Lögbundin úthlutun launasjóða einstakra listgreina væri þá hámark.

Skipting þeirra mánaða sem eru í Vexti og Vegsemd á milli listgreina gæti miðast við hlutfallslega „stærð“ hvers sjóð (hversu marga mánuði sá sjóður hefur til úthlutunar) og/eða hlutfallslega eftirspurn sem gæti fallið undir Vöxt og Vegsemd. Þessi skipting þyrfti ekki að vera lögbundin, heldur væri hluti af verkefni stjórnar að ákveða í samráði við úthlutunarnefndir.



Agúst Hjörtur Ingbórsson

forstöðumaður